

Hraunsmúli 8hundr. að dýrleika með 3 kúgildum frá fardögum 1876 leggist til Ingjaldshóls og Fróðárþinga í Snæfellsnesprófastsdæmi, og

að hið sameinaða Hítardals- og Staðarhrauns-prestakall verði eptir það metið á 2471 krónu 95 aura, en Ingjaldshóls- og Fróðár-prestakall 966 kr. 12 aura.

Þetta tilkynnist yður, herra biskup til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlut- aðeigöndum.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Samkvæmt þegnlegum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefur hans hátign konunginum þóknast 6. f. m. mildilegast að fallast á, að leiguliðum á jörðum þeim, er landssjóður Íslands á í vesturumdæminu sje enn í 4 ár, talin frá fardögum 1873, veitt linun sú í landsskuldargjaldi af ábýlisjörðum sínum, að þeir greiði $\frac{5}{6}$ landsskuldarinnar eptir fornu verðlagi en $\frac{1}{6}$ í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá á ári hverju; en að umboðsmönnum sje boðið að hækka landsskuldina við ábúandaskipti eptir nákvæmari ákvörðun amtmannsins í hvert skipti, er slíkt þykir fært eptir ásigkomulagi jarðarinnar og öðrum atvikum.

Þetta er hjer með tjád herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Með brjefi frá 12. f. m. hefur ráðgjafinn fyrir Ísland samþykkt, að leyft verði ábúandanum á jörðinni Hjarðarfelli, er liggur undir Arnarstapaumboð, að leggja niður hjáleigu nefndrar jarðar Moldbrekku með þeim skilyrðum, að hinn sameinaði dýrleiki beggja jarða 23,6 hundr. framvegis hvíli á Hjarðarfelli einu, að jarðareptirgjaldið haldist óbreytt og er það 7 vættir árlega í landsskuld og fullar leigur af 5 kúgildum eða 100 pund smjörs, að viðurinn í húsunum á Moldbrekku verði seldur á almennu uppboðsþingi eptir að ábúandinn hefur skilað þeim í leigufæru standi eða með nægilegu ofanálagi, og að uppboðsandvirðið með nefndu ofanálagi, verði það nokkuð, greiðist í umboðssjóðinn.

Þetta er hjer með tjád yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Samkvæmt tilmælum fjárhagsstjórnar ríkisins við ráðgjafann fyrir Ísland skal jeg þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra amtmaður, — þar sem ljósmyndari Sigfús Eymundsson hjer í bœnum hefur í erindi til nefndrar stjórnar skýrt frá, að hann áskilji sjer einkarjettindi samkvæmt lögum frá 24. marz 1865 til að eptirmynda 8 ýmislegar ljósmyndir, sem hann hefur búið til — tjáið nefndum ljósmyndara, að fjárhagsstjórnin hafi það álit, að nýnefnd lög geti eigi komið til greina í þessu máli, með því, að ljósmyndir þær, sem getið var um, hafi verið búnar til á Íslandi, er lög frá 24. marz 1865 eigi ná til; en að þessi spurning að öðru leyti sæti úrlausn dómstólanna.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu).

Eptir að kirkju- og kennslustjórn ríkisins hafði spurzt fyrir hjá professor Johnstrup, hvort hann sjálfur eður einhver yngri vísindamaður sæi sjer fært að ferðast hingað til landsins til þess að rannsaka hjer á vísindalegan hátt, eldgos þau, sem hafa gjört vart við

1875

61

31sta
ágúst.

62

1sta
septbr.

63

1sta
septbr.

64

1sta
septbr.

65

2an
septbr.